

Reykjanesbær, 7. sept. 2021

Bæjarráð

Alþingiskosningar 25. september 2021 - samþykkt og framlagning kjörskrár.

Hér með sendist bæjarráði til samþykktar kjörskrá vegna alþingiskosninga 25. september nk. Kjörskrá liggur frammi í þjónustuveri Reykjanesbæjar og verður einnig birt á kosning.is eins og í undangengnum kosningum.

Á kjörskrá eru við framlagningu kjörskrár 11.706 kjósendar.

f.h. yfirkjörstjórnar

Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir

Alþingiskosningar 2021 - Kynjaskipting kjörskrár

Reykjanesbær

Fjölbautaskóli Suðurnesja

	Karlar	Konur	Kynsegin/Annað	Alls
Kjördeild: 1	579	573	0	1.152
Kjördeild: 2	724	736	0	1.460
Kjördeild: 3	750	711	0	1.461
Kjördeild: 4	578	557	0	1.135
Kjördeild: 5	572	595	0	1.167
Kjördeild: 6	744	690	0	1.434
Kjördeild: 7	599	596	0	1.195
Kjördeild: 8	663	667	0	1.330
Kjördeild: 9	694	678	0	1.372
Fjölbautaskóli Suðurnesja	5.903	5.803	0	11.706
Reykjanesbær	5.903	5.803	0	11.706

Til Sveitarstjórnna

Reykjavík, 21. ágúst 2021

Tilvísun ÞÍ: 2021050775/4.2

Tilvísun sendanda:

Leiðbeiningar um meðferð kjörskrárstofna vegna Alþingiskosninga 25. september 2021

Með bréfi þessu er hverri sveitarstjórn send 3 eintök af kjörskrárstofni ásamt yfirliti yfir skiptingu kynja eftir kjördeildum vegna Alþingiskosninga sem fram fara laugardaginn 25. september 2021.

I. Kjörskrárstofnar og kosningaréttur

Kjörskrá er gerð samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands, sbr. lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 með síðari breytingum (kosningalög) og eiga allir þeir kosningarárétt sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- eru íslenskir ríkisborgarar,
- eru orðnir 18 ára þegar kosning fer fram og
- eru skráðir með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi fimm vikum fyrir kjördag (21. ágúst 2021)

Enn fremur eru á kjörskrárstofni þeir íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga erlendis en eiga kosningarárétt samkvæmt 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 24/2000.

II. Kjörskrárstofnar

Sveitarstjórnir sjá um að kjörskrár séu gerðar en Þjóðskrá gefur út prentútgáfu kjörskrárstofna til afnota fyrir sveitarstjórnir.

Á hverri blaðsíðu koma fram upplýsingar um heiti sveitarfélags, kjörstað og kjördeild (hafi þær upplýsingar verið skráðar í kjördeildarkerfinu), auk blaðsíðunúmera innan sveitarfélags og raðnúmera kjósanda. Skjaldarmerki Íslands er staðsett efst í hægra horni hverrar blaðsíðu og er svartlitað, gráir rastar afmarka leslínur og heimilisföng eru feitletruð.

Á kjörskrárstofni eru eftirtaldar upplýsingar um kjósendur skráðar:

- nafn,
- lögheimili,
- kyn: karl = 1, kona = 2, hlutlaust kynskráning = 7
- kennitala.

Athygli er vakin á því að til samræmis við lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 hefur Þjóðskrá bætt við einum dálki við kynjaskráningu í kjörskrá fyrir hlutlausa kynskráningu og er sá dálkur merktur með fyrirsögninni „Hlk“. Vinsamlegast lesið vel leiðbeiningar:

Hægra megin við kennitölu kjósanda eru nú þrír dálkar, þar sem setja skal krossmerki er kjósendur neyta atkvæðisréttar á kjördegi. Skulu krossmerki við nöfn karla sett í dálkinn með fyrirsögninni "Ka", krossmerki við nöfn kvenna í dálkinn með fyrirsögninni "Ko" og krossmerki við nöfn þeirra sem skilgreina sig sem hlutlaust kyn í dálkinn með fyrirsögninni "Hlk". Ef vafi leikur á við hvað skal merkja er hægt að notast við fremsta dálkinn í kjörskránni en þar kemur fram hvaða kynskráningu viðkomandi einstaklingur er með í þjóðskrá; karl = 1, kona = 2, hlutlaus kynskráning = 7. Á þetta að auðvelda talningu kjósenda eftir kyni, en þeir skulu gefnir upp, hvor í sínu lagi, í skýrslu þeirri, sem hver undirkjörstjórn gerir um kosninguna.

Hafi sveitarfélag notað kjördeildakerfi Þjóðskrár við röðun heimilisfanga í kjördeildir og kjörstaði, þá prentast kjörskráin eftir þeirri röð. Þannig er fremst að finna kjörstað nr. 1 og tilheyrandi kjördeildir, því næst kjörstað nr. 2 og kjördeildir tilheyrandi þeim kjörstað og svo koll af kolli. Hafi sveitarfélag ekki notað kjördeildakerfið raðast kjörskráin eftir stafrófsröð götu- eða bæjarheitis. Á kjörskrárstofn í hverju sveitarfélagi raðast fremst þeir sem búsettir hafa verið erlendis lengur en 8 ár og síðan þeir sem búið hafa erlendis skemur en 8 ár, nema búið sé að raða þeim í ákveðna kjördeild. Hvorum hópnum um sig er raðað eftir stafrófsröð. Þar á eftir raðast þeir einstaklingar sem skráðir eru með lögheimili ótilgreint (var áður óstaðsettir í húsi) í sveitarfélagini, einnig í stafrófsröð.

III. Erlendir ríkisborgarar

Erlendir ríkisborgarar eiga ekki kosningarétt og eru því ekki á kjörskrárstofni. Eina undantekningin eru danskir ríkisborgarar, sem hafa kosningarétt samkvæmt lögum nr. 85/1946, þ.e. þeir sem voru búsettir á Íslandi 6. mars 1946 eða einhvern tíman á síðustu 10 árum fyrir þann tíma og hefur Þjóðskrá tekið á kjörskrárstofn þá Dani sem stofnuninni er kunnugt um að hafi kosningarétt samkvæmt lögunum.

IV. Íslendingar búsettir erlendis með kosningarétt

a) Erlendis búsettir skemur en 8 ár

Íslenskir ríkisborgarar, sem flutt hafa lögheimili sitt til útlanda eftir 1. desember 2012 og náð hafa 18 ára aldri á kjördag, eiga kosningarétt samkvæmt a-lið 2. mgr. 1. gr. kosningarlaga. Þessir einstaklingar eru teknir á kjörskrárstofn í því sveitarfélagi sem þeir áttu síðast skráð lögheimili, sbr. 1. mgr. 23. gr. kosningalaga.

b) Erlendis búsettir lengur en 8 ár

Íslenskir ríkisborgarar, sem flutt hafa lögheimili sitt til útlanda fyrir 1. desember 2012, verða teknir á kjörskrá við þessar kosningar hafi þeir sótt um það til Þjóðskrár fyrir 1. desember 2020, sbr. b-lið 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. laga nr. 24/2000. Þessir einstaklingar eru teknir á kjörskrárstofn í því sveitarfélagi þar sem þeir áttu síðast skráð lögheimili, sbr. b-lið 1. mgr. 23. gr. kosningalaga.

V. Leiðréttning sveitarstjórnar á kjörskrá

Kjörskrárstofnar miðast við skráningu lögheimilis í sveitarfélagi eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag, þann 21. ágúst 2021. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist Þjóðskrá fyrir þann tíma.

Sveitarstjórnir sjá um að leiðréttta kjörskrárstofna eftir því sem tilefni er til. Helstu ástæður sem geta leitt til breytinga á kjörskrá samkvæmt þessu eru öflun eða missir ríkisfangs, andlát einstaklings, mistök við skráningu lögheimilis einstaklings eða því um líkt. Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttningar á henni. Leiðréttingu má gera fram á kjördag, en óheimilt er að gera breytingar ef tilkynning um lögheimili hefur ekki borist Þjóðskrá í tæka tíð fyrir viðmiðunardag 21. ágúst 2021. Þannig skal ekki gera breytingar á skránni hafi einstaklingur flust til innan sveitarfélags eða milli sveitarfélaga eftir þann dag.

Sveitarstjórn skal einnig fram á kjördag leiðréttta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eða eftir atvikum misst íslenskt ríkisfang. Þjóðskrá mun senda sveitarfélögunum slíkar upplýsingar er berast stofnuninni til skráningar á tímabilinu frá viðmiðunardegi fram að kosningum.

Leiðrétti sveitarstjórn kjörskrá, samkvæmt 27. gr. kosningarlaga, skal hún þegar tilkynna það hlutaðeigandi, svo og sveitarstjórn er mál getur varðað, sbr. 11. gr. laganna. Jafnframt skal tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingu á kjörskrá.

a) Niðurfelling einstaklinga af skránni

Sveitarstjórn skal strika með bleki yfir línu (nafn og persónuupplýsingar) þeirra sem hún fellir af kjörskrá vegna leiðréttингar, og um leið gefa til kynna með skammstöfun framan við hlutaðeigandi nafn, hver sé ástæða útstrikinar. Útstrikinum og skammstöfun þeirra skal haga sem hér segir:

1. Skammstöfun: “**Þ**” (krossmerki): Einstaklingur á skránni er látninn.
2. Skammstöfun: “**e. ísl.**”: Einstaklingur á skránni er ekki ísl. ríkisborgari.
3. Skammstöfun: “**mist.**”: Mistök við samningu kjörskrár.

b) Einstaklingar sem bætast á skrána

Einstaklingar sem bætast á skrána vegna leiðréttингar, ritast á milli lína meðal íbúa viðkomandi húss. Skal á þeim stað í kjörskránni, þar sem kjósandi ætti að vera, rita aftan við hlutaðeigandi heimilisfang: „sjá viðb.“ Ekki er gert ráð fyrir að sérstök viðbótareyðublöð þurfi til leiðréttингa.

1. Skammstöfun: “**mist.**”: Mistök við samningu kjörskrár.
2. Skammstöfun: “**ísl.**”: Einstaklingur hefur öðlast íslenskt ríkisfang

IV. Framlagning kjörskrár

Þegar sveitarstjórn hefur lokið yfirferð sinni um kjörskrárstofninn og samningu kjörskrár er þar með lokið, skal hún undirrituð í samræmi við 2. mgr. 24. gr. kosningalaga, þ.e. af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.

Kjörskráin skal leggja fram almenningi til sýnis í síðasta lagi 10 dögum fyrir kjördag, sbr. 1. mgr. 26. gr. kosningarlaga, sem að þessu sinni er 15. september n.k. Nægilegt er að staðfest endurrit sé lagt fram, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

V. Annað

Öll kjörskráreintök, sem tekin eru í notkun, skulu fá sömu meðferð að því er varðar leiðréttigar og áritanir.

F.h. Pjóðskrár Íslands



Árný Guðrún Ólafsdóttir
sérfræðingur

Afrit:

Allar sveitarstjórnir